

Starfshópur um endurskoðun kosningalaga
21. fundur þriðjudaginn 5. nóvember 2019 kl. 8.30
Nefndasvið Alþingis.

F U N D A R G E R ð

Mætt: Bryndís Hlöðversdóttir (BH), Þórir Haraldsson (ÞH), Magnús Karel Hannesson (MKH) og Indriði B. Ármannsson (IBÁ). Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson forfallaðist. Einnig sat fundinn Þórhallur Vilhjálmsson (ÞV) og Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG) sem jafnframt ritaði fundargerð. MKH tók þátt í fundinum með notkun fjarfundarbúnaðar.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt.

1. Bréfkosningar.

Á síðasta fundi var ákveðið að kjósandi þurfi að sækja um kjörgögn á netinu til að geta greitt atkvæði með bréfi. Einnig var rætt um að skoða hvaða varnagla önnur norræn ríki setja við pöntun kjörgagna til að nota við bréfkosningar. Einnig var ákveðið að skoða hvort Kosningastofnun ætti að taka á móti bréfatkvæðum miðlægt.

- a. Noregur: Mjög einfalt heimildarákvæði í norsku kosningalögunum. Í kosningareglugerðinni eru leiðbeiningar um útfyllingu bréfatkvæðis og ef mögulegt ætti einn vottur að staðfesta að upplýsingar á ysta umslagi séu réttar. Nafn, heimilisfang og fæðingardagur vitnis skal setja á ysta umslagið (ekki krafa um að viðkomandi sé norskur ríkisborgari). Hægt að biðja um að fá send kjörgögn til sín eða nota autt blað til að kjósa eða hlaða niður gögnum frá valg.no. Bréfatkvæði á að senda til sveitarfélags í Noregi þar sem kjósandi var síðast á kjörskrá.
- b. Svíþjóð: Kjósandi getur pantað kjörgögn á vef sænsku kosningastofnunarinnar, með símtali eða sótt kjörgögn hjá sendiráði eða ræðismanni. Ef heimilisfang kjósanda í útlöndum er á kjörskrá fær hann sjálfkrafa kjörgögnin send þangað. Þarft tvö vitni en þau þurfa ekki að vera sænskir ríkisborgarar. Tekið á móti bréfatkvæðum miðlægt hjá kosningastofnuninni sem síðan sendir þau út til kjörstjórna. Nákvæm ákvæði í sænsku kosningalögunum.
- c. Finnland: Kjósandi verður að panta kjörgögn með umsókn hjá dómsmálaráðuneytinu og það er fyrst hægt að gera þremur mánuðum fyrir kjördag. Ákvæði um að upplýsingar dómsmálaráðuneytis um hver pantaði kjörgögn eru ekki opinberar fyrr en við lok kjörfundar á kjördag. Persónuupplýsingar kjósenda sem pöntuðu kjörgögn skal eyða eftir að úrslit kosninga hafa verið staðfest. Tveir vottar þurfa að vera viðstaddir (um þá gilda sérstök hæfisskilyrði) og þeir staðfesta að kosningar hafi

verið leynilegar og frjálsar. Bæði vitnin skrifa undir með nafni, fæðingardegi og heimilisfangi. Yfirkjörstjórn sveitarfélags tekur á móti bréfatkvæðum. Nákvæm ákvæði í finnsku kosningalögnum.

- d. Engar bréfkosningar í Danmörku.
- e. Viðeigandi breytingar hafa verið gerðar á 72. og 98. gr. frv.

Rætt um 1. mgr. þar sem segir að bréfatkvæði skuli senda „með pósti eða öðrum hætti“ þýðir að kjósandi í útlöndum getur sent sendiboða með atkvæði sitt til Íslands. Þá þyrfti að gera ráð fyrir einhvers konar móttökukvittun á skrifstofu sveitarfélags því annars ber bréfatkvæði ekki með sér að koma erlendis frá, sbr. 98. gr. frv.

Ákvæði 2. mgr. lagfært – „Kjósandi skal óska eftir kjörgögnum á vef Kosningastofnunar.“ Því er gert ráð fyrir að skráð verði hvaða kjósendur hafi pantað kjörgögn. Ákveðið að hafa ákvæðið opið hvað varðar afhendingarmáta; kjósandi gæti fengið gögnin send í bréfpósti til sín eða fengið þau send sem viðhengi í tölvupósti (til útprentunar og útfyllingar). Þannig ekki lokað fyrir nýja möguleika sem gætu opnast vegna nýrrar tækni.

Bréfatkvæði eru ein tegund atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og á að meðhöndla eins og önnur utankjörfundaratkvæði. Ákveðið að þau fari til sveitarfélagsins þar sem kjósandi telur sig vera á kjörskrá en ekki miðlægt til kosningastofnunar. Meginreglan er að kjósandi ber ábyrgð á að atkvæði sitt komist til skila.

Rætt um öryggi bréfkosninga og vitni. Nokkrir möguleikar í stöðunni, t.d. að kjósandi verði látinn vita eftir að bréfatkvæði hans hafi verið móttakið og vitni sem votta bréfkosninguna. Að mati starfshópsins gæti þetta skapað ýmis vandamál en betur færi á því að kjósandi sækir um kjörgögn og staðfestir að hann hafi óskað eftir þeim. Kjörgögnin yrðu því næst send honum bréfleiðis eða með tölvupósti. Þá er Kosningastofnun með lista yfir þá sem hafa óskað eftir kjörgögnum og ætla sér að greiða atkvæði með bréfi. Ákveðið að vottar verði ekki fortakslaust skilyrði bréfkosningar. Ekki gerð krafa um að þeir séu íslenskir ríkisborgarar.

2. Tillaga að nýjum ákvæðum um mat á gildi atkvæða, sjá 108.-111. gr. frv.

ÞV kynnir tillögurnar. Rætt um að bæta við í skýringar að eitt greinilegt merki innan ramma framboðslistans á kjörseðli hefur verið metið atkvæði greitt listanum. Einnig hefur hringur utan um ferninginn hefur verið metið sem atkvæði greitt listanum.

3. Fara yfir athugasemdir sem standa út af í ábendingaskjali.

Athugasemd barst frá Seltjarnarnesbæ um stöðu yfirkjörstjórna sveitarfélaga. Rætt um hvort setja þurfi sérstakt ákvæði til að tryggja stöðugleika yfirkjörstjórna. Ákveðið að 2. mgr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga muni gilda um þessar nefndir eins og aðrar nefndir sveitarfélaga.

Ákveðið að meðlimir kjörstjórna geti ekki mælt með framboðslista í ljós þess að eitt markmið frumvarpsins er samræming og að auka fagmennsku við framkvæmd kosninga.

Rætt um hvort útrunnin persónuskilríki teljist fullgild persónuskilríki. Tilgangur ákvæðisins um að kjósandi verði að sanna á sér deili er að þekkja viðkomandi. Ákveðið að eftirláta kjörstjórnnum að meta þetta í hvert skipti.

Rætt um hvort þörf sé á skýrari reglum um útstrikanir við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Í 75. gr. frv. er að finna óbreytt ákvæði frá núgildandi lögum um kosningar til Alþingis. Ákveðið að gera tillögu að breytingu til að auka skýrleika ákvæðisins og leggja áherslu á réttindi kjóсандans að þessu leyti.

4. Önnur mál.

MKH hefur komist að því að sænska kosningastofnunin, Valmyndigheten, er fjármögnuð af ríkinu.

Ákveðið að taka umræðu um heiti kosningastofnunar á næsta fundi þar sem fleiri hugmyndir hafa komið fram sem vert er að skoða (t.d. Landskjörstofa, Kosninganefnd o.fl.).

Næsti fundur verður föstudaginn 8. nóvember nk. kl. 8.30-10.30.

Fundi slitið kl. 10:15.